

síðan opnað á þeim tíma sem almenningur venjulega kom þangað. Verður því ekki á þennan lið kröfu stefnanda fallist.

Niðurstaða verður því sú að stefndi verður sýknaður af öllum kröfum stefnanda, og verður stefnanda gert að greiða stefnda málskostnað sem ákveðst kr. 20.000,00.

Garðar Gíslason borgardómari kvað upp dóminn.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Veitingahúsið Álfabakka 8 hf., skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Gunnars Þórs Atlasonar, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda kr. 20.000,00 í málskostnað.

Miðvikudaginn 19. nóvember 1986.

Nr. 301/1986. **Ákærvaldið**

gegn

**Jóhann Kristni Þór Jónssyni.**

Kærumál. Gæsluvarðhald.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Bjarni K. Bjarnason og Guðmundur Skaftason.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 11. nóvember 1986, sem barst dóminum 12. s.m. Krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Af hálfu ákærvalds er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

### Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 11. nóvember 1986.

Ár 1986, þriðjudaginn 11. nóvember er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Péttri Guðgeirssyni sakadómar, kveðinn upp úrskurður þessi.

Af hálfu ákærvaldsins hefur verið gerð sú krafa, að ákærða í máli þessu, Jóhanni Kristni Þór Jónssyni, sem með úrskurði sakadóms Reykjavíkur 22. f.m. var gert að sæta gæsluvarðhaldi til miðvikudagsins 12. þ.m., verði áfram gert að sæta gæsluvarðhaldi til dómsuppsögu í máli þessu, þó ekki lengur en til miðvikudagsins 14. janúar n.k. kl. 17:00. Er krafa ákærvaldsins reist á 4. tl. 1. mgr. 67. gr. laga um meðferð opinberra mála.

Ákærði hefur mótmælt kröfunni.

#### *Málavextir:*

Ákærði hefur við yfirheyrslur hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins og í sakadómi Reykjavíkur hinn 22. f.m. og nú við þingfestingu málsins játað að hafa, um hádegisbilið mánudaginn 6. f.m., ráðist á 54 ára gamla konu, Unni Fenger, þar sem hún var að hlúa að leiði í gamla kirkjugarðinum við Suðurgötu, og þröngvað henni með ofbeldi til holdlegs samræðis þar á leiðinu.

Brot gegn 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga getur varðað fangelsi allt að 16 árum eða ævilangt. Samkvæmt 4. tl. 1. mgr. 67. gr. laganna um meðferð opinberra mála nr. 74, 1974 ber að jafnaði að beita sökunaut gæsluvarðhaldi ef ætla má að brot hans varði að minnsta kosti tveggja ára fangelsi.

Með skírskotun til þessa og málsatvika þykir verða að taka kröfu ákærvaldsins til greina og gera ákærða að sæta gæsluvarðhaldi til dómsuppsögu í máli þessu, þó ekki lengur en til miðvikudagsins 14. janúar n.k., kl. 17:00.

#### Ú r s k u r ð a r o r ð:

Ákærði, Jóhann Kristinn Þór Jónsson, sæti gæsluvarðhaldi til dómsuppsögu í málinu, þó ekki lengur en til miðvikudagsins 14. janúar 1987, kl. 17:00.